LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. __

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að árgjald frá aðildarfélögum LH til sambandsins verði eftirfarandi:

a. árið 2027 kr. 2.600,- á hvern gjaldskyldan félaga
b. árið 2028 kr. 2.900,- á hvern gjaldskyldan félaga.

Félagar á aldrinum 18-69 ára greiða árgjald til LH.

Greinargerð:
Árgjöld LH eru stór hluti af heildartekjum sambandsins á hverju ári og hugsuð til að standa undir stórum hluta af reglulegum rekstri sambandsins. LH leggur áherslu á að þjóna aðildarfélögum sínum á sem víðtækastan hátt og stefnir áfram á að auka starfsemi sína og þjónustu við aðildarfélögin og hestasamfélagið í heild sinni.

Hér er lagt til að árgjaldið hækki um 300 kr. á næstu tveimur árum, hvort árið um sig. Ástæða þessarar hækkunar er tvíþætt.

a. Hækkunin á árinu 2027 kemur til vegna ákvörðunar FEIF þings um hækkun á greiðslum aðildarfélaga til Worldfengs. Hækkunin nemur um 3.500.000- frá því sem var og greiðir LH alls um 4.600.000 fyrir áskrift félgasmanna LH að Worldfeng, en allir félagar í LH hafa sjálfkrafa aðgang að kerfinu í gegnum aðild að sínu hestamannafélagi. Hækkunin tók gildi frá og með árinu 2025, en LH hefur ekki hækkað árgjald félagsmanna til samræmis við það. Áætlað er að 300 kr. hækkun árgjalda á hvern greiðandi félagsmann muni skila um 2.300.000- kr. aukningu á félagsgjöldum til LH.

b. Hækkunin á árinu 2028 kemur einnig til vegna ákvörðunar FEIF, en til stendur að hækka verulega félagsgjöld aðildarfélaga til FEIF árinu 2028 til að standa undir rekstri FEIF. Hækkunin til LH mun nema allt að 3.000.000- kr.
   Lagt er til að árgjaldið hækki um 300 kr. á árinu 2028 til að standa straum af þessum kostnaði. Áætlað er að 300 kr. hækkun árgjalda á hvern greiðandi félagsmann muni skila um 2.300.000- kr. aukningu á félagsgjöldum til LH.

Þessi hækkun ein og sér mun ekki standa undir þeim hækkunum sem FEIF leggur á sambandið, og stjórn hyggst leita annarra leiða til að standa undir þeim kostnaði sem út af stendur.